

# September 2012

## Komið sæl

Ég vona að sumarið hafi verið ykkur ánægjulegt. Nú er starfið að komast í fullan gang hjá okkur í Krílakoti en við erum að stilla saman strengi svo veturinn megi verða faglegur og góður í alla staði.

Það hafa orðið smá breytingar í starfsmannahópnum og svo hvernig við skipuleggjum daginn. Hópastarfið verður í vetur frá 9-10 alla daga nema föstudaga og verður farið eftir ákveðnu skipulagi sem verður kynnt á foreldrafundi í september. Heimasíðan hefur tekið smá breytingum og er enn í vinnslu en hún verður vonandi klár fyrir foreldrafundinn og þá verður hægt að kynna hana fyrir ykkur. Fréttabréfið frá leikskólastjóra mun koma út í hverjum mánuði auk þess sem hver deildarstjóri mun setja mánaðarskrá inn á heimasíðuna svo þið getið fylgst vel með. Hver deild mun setja inn myndir reglulega auk þess sem við skellum inn fréttum annað slagið á heimasíðuna.

Heimir Ingimarsson ætlar að starfa hjá okkur í vetur á vegum Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar og verður með tónlistarstundir fyrir eldri deildarnar. Skakkaland aðra vikuna og Hólakot hina vikuna. Við hlökkum mikið til samstarfsins í vetur. Skóladagatal er komið inn á síðuna og eins og sjá má er lokað í leikskólanum 4 daga eftir hádegis og svo eru fjórir skipulagsdagar á ári. Aðrir fundir eru eftir opnunartíma leikskólans.

Aðlögun er nú lokið og eru börnin við það að taka okkur í sátt. Það tekur alltaf smá tíma að kynnast nýju fólki og nýju umhverfi sem gefur að skilja en sem betur fer, allra vegna, endar þetta með því að öll dýrin í skóginum verða vinir.

Hlakka til að sjá ykkur á foreldrafundinum þann 12. september klukkan 20:00.

**Heimasíðan okkar hefur verið að stríða okkur og höfum við ekki getað sett neitt inn á hana það sem af er hausti nema á fréttasíðuna. Þetta er í vinnslu.**

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.



## Starfsmannahald veturinn 2012-2013

### Skýjaborg—16 börn:

Anna, deildarstjóri  
Gunna  
Ásdís

Steinunn (kemur úr leyfi þann 12. september)  
Herdís

### Skakkaland 23 börn:

Ágústa, deildarstjóri  
Júlíana  
Katy  
Fanney  
Sigrún Ingibjörg.

### Hólakot: 23 börn

Anna Lauga, deildarstjóri  
Bjarney  
Inga Siddý  
Pálína  
Dóra

Sigrún Björk flakkar á milli deilda  
Lilja Rós leysir af tímabundið



## Grænfáninn

**Grænfánafundur  
verður skipulagður að  
loknum foreldrafundi**

**Foreldrar sem vilja  
taka þátt bjóða sig  
fram á fundinum eða  
senda okkur tölvupóst**

**"Allt er vænt sem vel er  
grænt"**



**Foreldraráð 2012-2013  
Vinnum saman að velferð  
barna okkar og leikskólans.**

**Guðrún Anna Óskarsdóttir  
Dagur Óskarsson  
Nimnual Khakhlong**

## Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Það er mikilvægt að vera samstíga svo allir viti til hvers er ætlast af manni. Við höfum verið að búa okkur til sáttmála sem og sammælast um ákveðnar vinnuáferðir hér í Krílakoti sem við munum kynna fyrir foreldrum. Það er mikilvægt að taka tillit til einstaklingsins, þarfa hans og líðan.

Vinnum saman að því að byggja upp einstaklinga með tilliti til þarfa þeirra, við erum jú misjöfn eins og við erum mörg.

Ég vil þakka öllum sem komu að vinnu við lóðina síðustu tvö ár. Við erum mjög ánægð með hana og stolt af ykkur foreldrum. Ég tilnefndi foreldra Krílakots til foreldraverðlauna heimilis og skóla og má sjá skjalið í forstofu Skýjaborgar. Það var reyndar annar sem fékk verðlaunin en ég er jafn stolt fyrir það og vona að þið séuð það líka.

George kemur í lok september og klárar smáverk sem eru eftir annars er vinnu hans lokið hvað varðar lóðina nema annað verði ákveðið.



### Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Erna Þórey Björnsdóttir  
Ívar Örn Vignisson  
Óliver Hilmarsson  
Hólmsfríður Guðrún Skúladóttir  
Tryggvi Kristjánsson

Stöndum saman að velferð barna okkar

Hæ hæ

Viltu starfa með stjórn  
foreldrafélags Krílakots.

Hafðu þá samband við  
Ernu Þórey, formann  
foreldrafélagsins, eða við  
leikskólastjóra.

Læsi

Það er mikilvægt að foreldrar lesi með börnum sínum, skoði myndabækur og spjalli við börnin á sínu móturmáli.

Að setja orð á mynd er mikilvægur þáttur í að skapa góðan hugtakaskilning og þess vegna reynum við að styðjast við myndir þegar við syngjum með börnunum.

### Athugið

Samkvæmt lögum skal ökumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði. Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara.

Starfsmönnum ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.

Höfum börnin alltaf í  
öryggisbúnaði

### Föt Föt Föt

Fatnaður sem ekki hefur fundið eigendur sína verður gefinn í Rauðakkrossinn. Næstkomandi mánudag.

Vinsamlegast kannið hvort þið eigið fatnað hjá okkur og takið með ykkur heim. Fötin liggja í forstofum deildanna.

